



## **Sjálfboðaliðaferðamennska**

**hvatar, væntingar og áhrif**

Ólöf Guðmundsdóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild  
Háskóli Íslands  
2011**

# **Sjálfboðaliðaferðamennska**

**hvatar, væntingar og áhrif**

Ólöf Guðmundsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af  
*Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi  
Magnfríður Júlíusdóttir

Líf- og umhverfisvísindadeild  
Verkfræði- og náttúruvísindasvið  
Háskóli Íslands  
Reykjavík, maí 2011

Sjálfbóðaliðaferðamennska: hvatar, væntingar og áhrif

10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2011 Ólöf Guðmundsdóttir  
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild  
Verkfræði- og náttúruvísindasvið  
Háskóli Íslands  
Askja, Sturlugötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4600

Skráningarupplýsingar:

Ólöf Guðmundsdóttir, 2011, Sjálfbóðaliðaferðamennska: hvatar, væntingar og áhrif,  
BS ritgerð, Líf og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 32 bls.

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, maí 2011

# Yfirlýsing

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er byggð á mínum eigin athugunum, er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

---

Ólöf Guðmundsdóttir

# Ágrip

Helsta markmið rannsóknarinnar er að skoða hvata, markmið, upplifun og áhrif sjálfboðaliðaferðamennsku á þá ferðamenn sem hana stunda. Með þessi markmið að leiðarljósi vill rannsakandi reyna að svara því hvaða hvatar liggja að baki ákvörðunar einstaklings að fara í sjálfboðaliðaferð, hvaða væntingar eru til ferðarinnar, hvaða áhrif slík ferð hefur á hann sjálfan og hvort ferðahneigð í framtíðinni breytist að einhverju leyti. Við gagnaöflun var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir með því að taka viðtöl, greina þau og hafa fyrri rannsóknir til hliðsjónar. Niðurstöður sýna að helstu hvatar að ákvörðun sjálfboðaliðans eru ævintýraþrá og fórnfýsi (e. altruism). Markmið sjálfboðaliðans eru ýmis, s.s. flýja raunveruleikann, upplifa eitthvað nýtt, læra að standa á eigin fótum og að standast eigin áskorun. Einnig sýndu niðurstöður að slíkar ferðir hafa gífurleg áhrif á viðkomandi. Sjálfboðaliðarnir urðu sjálfsöruggari, ánægðir með að standast eigin áskorun og töldu sig undirbúna til að takast á við frekari áskoranir á ferðalögum í framtíðinni. Þeir sem yngri voru nefndu einnig hversu þroskandi reynslan hefði verið, þeir hefðu orðið sjálfstæðari í hugsun og lært að treysta á sjálfa sig. Einnig mátti greina mikla þörf hjá sjálfboðaliðunum fyrir að tjá sig um reynslu sína og töldu þeir mikilvægt að fá tækifæri til þess að deila upplifun sinni með öðrum sem þekkja svipaða upplifun eða hafa áhuga á að hlusta á þá.

Lykilorð: sjálfboðaliðaferðamennska, sjálfboðaliðar, væntingar til ferðar, upplifun, ferðahvatar, ferðahneigð

# Abstract

The aim of this thesis is to examine motivations, aims and influences of volunteer tourism on Icelandic volunteer tourists. With these aims the researcher seeks to answer what motivations lie behind the individuals decision to become a volunteer tourist, what perceptions are towards the tour and what kind of meanings volunteer tourism has on the volunteer and his behaviour on future travels. Qualitative research methods were used to collect data, mainly with semi-structured interviews, which were analyzed and compared with pre-existing data. Results show that the main motives behind the volunteer tourists decision were desire for an adventure and altruistic motives. The volunteer tourists had different perceptions on what they wanted to achieve, i.e. escape the mundane, new experiences, become more independent and conquer their challenges. The findings also show that volunteer tourism has a great impact on the volunteer tourists. They became more self-confident, felt something had been achieved and believed they were ready to accept future travel challenges. The younger ones also mentioned how much they had matured, they had become more independent and learnt to rely on themselves. It also became clear that volunteer tourists have a great need to express and share their experiences with someone who knows what they have gone through or someone who is at least interested in hearing what they have to say.

**Keywords:** volunteer tourism, volunteer tourists, volunteer perceptions, volunteer experiences, volunteer motivations, travel behaviour

# Efnisyfirlit

Pakkarorð .....	v
1 Inngangur .....	1
2 Fræðileg umfjöllun.....	2
2.1 Upphaf sjálfboðaliðaferðamennsku .....	2
2.2 Skilgreiningar og verkefni í boði .....	3
2.3 Sjálfboðaliðaferðamenn .....	5
2.4 Hvati sjálfboðaliða .....	8
2.5 Líðan við undirbúning og lok ferðar .....	9
2.6 Ávinningur sjálfboðaliða.....	10
3 Gögn og aðferðir .....	12
3.1 Aðferðafræði .....	12
3.2 Framkvæmd rannsóknar og þátttakendur.....	12
4 Niðurstöður.....	15
4.1 Undirbúningur og ákvörðun.....	15
4.2 Hvati, markmið og væntingar .....	17
4.3 Áhrif sjálfboðaliðaferðar .....	20
4.4 Íslenskt menningarsjokk?.....	21
4.5 Áhrif ferðar á síðari ferðalög.....	23
5 Túlkun og umræður.....	25
Heimildaskrá .....	28
Viðaukar .....	30

## **Þakkarorð**

Ég vil byrja á því að þakka viðmælendum mínum fyrir einstaklega skemmtileg, áhugaverð og fróðleg viðtöl. Ég vil auk þess þakka leiðbeinanda mínum, Magnfríði Júlíusdóttur, fyrir örugga leiðsögn og góðar hugmyndir. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir þeirra stuðning í námi mínu og við skrif ritgerðarinnar. Systur minni, Önnu Grétu, þakka ég fyrir hugmyndir og yfirlestur og móður minni, Margréti, vil ég einnig þakka fyrir yfirlestur þessarar ritgerðar.



# 1 Inngangur

Sjálfbóðaliðaferðamennska er ein þeirra greina innan ferðaþjónustunnar sem hefur verið í miklum vexti undanfarin ár. Sjálfbóðaliðaferðamennska nær yfir vítt svið en flestar skilgreiningar eru sammála um að greininni fylgi ákveðin hugmyndafræði og ósk um að láta gott af sér leiða. Þessi tegund ferðamennsku hefur verið rannsökuð út frá ýmsum sjónarhornum, s.s. markaðsvirði, vægi fyrir heiminn og hvernig sjálfbóðaliðastörf hafa áhrif á sjálfbóðaliðann sjálfan (McGehee & Santos, 2005).

Skilgreiningar á sjálfbóðaliðaferðamennsku leggja áherslu á að í henni sé stunduð ákveðin hegðun, þ.e. sjálfbær, skipulögð og jákvæð samfélagsleg hegðun sem eigi að leiða gott af sér fyrir ókunnuga (Chen & Chen, 2011).

Markmið rannsóknarinnar er að skoða sjálfbóðaliðaferðamennsku út frá ýmsum þáttum eins og ákvörðun, undirbúningi, hvötum, væntingum og markmiðum sjálfbóðaliðanna og áhrifum ferðar á sjálfbóðaliða. Leitast verður við því að svara þremur rannsóknarspurningum: Hver er hvati fólks til að ferðast erlendis og vinna sem sjálfbóðaliði? Hvaða áhrif hefur sjálfbóðaliðaferðin á viðkomandi? Hefur ferðahneigð þeirra breyst eftir að hafa farið utan í sjálfbóðavinnu?

Í þessari ritgerð er byrjað á að fjalla um upphaf sjálfbóðaliðaferðamennsku, hugtök tengd henni og hvaða markmið fylgja slíkri ferðamennsku. Í kafla 2.2 er farið nánar í skilgreiningar á sjálfbóðaliðaferðamennsku og einnig nefnd hvaða verkefni standa sjálfbóðaliðum til boða. Kafla 2.3 fjallar um sjálfbóðaliðaferðamenn, þ.e. hverjir fara í sjálfbóðaliðaferðir og af hverju. Í kafla 2.4 er skoðað hverjir hvatar sjálfbóðaliðanna eru, þ.e. hverju sækjast þeir eftir úr slíkri ferð. Því næst er fjallað um í kafla 2.5 hvernig sjálfbóðaliðum líður við undirbúning og lok ferðar. Í kafla 2.6 er farið nánar í hver ávinningur sjálfbóðaliðans sé af slíkri ferð og einnig nefndar ýmsar gagnrýnisraddir á sjálfbóðaliðaferðamennsku. Í niðurstöðum eru dregin saman atriði tengd þessum þáttum út frá svörum viðmælenda. Í umræðukaflanum eru svo niðurstöður rannsóknarinnar bornar saman við kafla 2, þ.e. fræðilegu umfjöllunina.

## 2 Fræðileg umfjöllun

### 2.1 Upphaf sjálfbóðaliðaðferðamennsku

Sjálfbóðaliðaðferðamennsku fór fyrst að verða vart seint á 20. öldinni í framhaldi af því þegar bæði sjálfbóðaliðasamtök og alþjóðleg ferðamennska sóttu í sig veðrið. Fjöldaferðamennska jókst stöðugt og ferðamönnum gáfust tækifæri til að kynnast menningu mismunandi heimshluta. Í kringum 1980 fóru að heyrast hugtök líkt og sjálfbær ferðamennska, vistvæn ferðamennska (e. eco-tourism) og ábyrg ferðamennska (e. responsible tourism). Fjölmíðlar héldu áfram að benda á ójöfnuðinn sem ríkti í Alheimsþorpinu og sjálfbóðaliðasamtök fóru að vekja athygli á sér meðal almennings víðs vegar um heim (Novelli, 2005).

Frjálsam félagasamtökum (e. non governmental organisations) fjölgaði ört á síðari hluta 20. aldarinnar. Fram að fyrri heimstyrjöldinni voru flest félagasamtök undir stjórn ríkisvalds en á síðari hluta 20. aldarinnar fór frjálsam félagasamtökum að fjölga til muna. Um 1980 breyttist umfang og mikilvægi slíkra samtaka og í kjölfarið urðu þau miðpunkturinn í þróunarmálum á heimsvísu og fóru að einbeita sér að málefnum tengdum fátækt, sjálfbærri þróun, mannréttindamálum og málefnum kvenna. Frjáls félagasamtök, t.d. Barnaheill (e. Save the Children), *Oxfam* og *Action Aid*, eru umsvifamikil og staðsett í hátekjulöndum, sem einnig fjármagna starfsemi samtakanna, en vinna þeirra er í þágu fátækra í lágtekjulöndum (Madon, 1999).

Sjálfbóðaliðaðferðamennska varð því til þegar sjálfbóðaliðasamtök slógust í för með ferðaskipuleggjendum og náðu að setja saman framandi ferðalög sem innihéldu sjálfbóðaliðastörf af einhverju tagi. Með því að leggja áherslu á starfsemi sjálfbóðaliðasamtakanna hvöttu þau og ferðaskipuleggjendurnir ferðalanga til að svara sinni siðferðislegu- og félagslegu skyldu, þ.e. að ferðast og láta gott af sér leiða á sama tíma. Þeim verkefnum, sem standa sjálfbóðaliðum til boða, hefur fjölgað hratt og eru ekki bara mismunandi verkefni í boði heldur einnig mismunandi áfangastaðir sem heilla ólíka hópa fólks (Novelli, 2005).

Fjöldaferðamennska hefur lengi verið gagnrýnd þar sem sú tegund ferðamennsku er ekki talin skilja mikið eftir sig fyrir heimamenn. Heimamennirnir og samfélagið sjálft hagnast í raun ekki sjálfir af fjöldaferðamenskunni. Sem svar við þessari tegund

ferðamennsku var farið að leggja áherslu á vænlega ferðamennska (e. alternative tourism) en undir vænlega ferðamennsku flokkast t.d. sjálfbær-, vistvæn- og græn ferðamennska. Þeir sem stunda þessar nýju tegundir ferðamennsku eiga að hafa í huga að samfélagið sem ferðast er um og einnig heimamenn sjálfir nytu góðs af. Sjálfbóðaliðaferðamennska hefur það að markmiði að hún skilji eitthvað jákvætt eftir sig fyrir bæði heimamenn og staðarsamfélagið, þ.e. að hún hafi jákvæð áhrif. Ýmiss konar hvatar geta legið að baki hjá sjálfbóðaliðum og eru þeir aðallega taldir vera áhugi á að ferðast, upplifa eitthvað nýtt, kynnast nýju fólki, verða sjálfsöryggari og læra að standa á eigin fótum (Sin, 2009).

Novelli (2005) telur sjálfbóðaliðaferðamennsku tengjast ýmsum öðrum tegundum ferðamennsku svo sem menningar-, vistvænni- (e. eco-), siðferðislegri- (e. moral-), ábyrgri- (e. responsible-) og góðgerðarferðamennsku (e. charity tourism). Scheyvens (2002) nefnir að aðrar tegundir ferðamennsku, svo sem fjöldaferðamennska og ferðapjónustufyrirtæki eru talin nýta sér og græða á (e. exploit) bæði heimamönnum og staðarsamfélaginu (e. local community). Aðrir ferðaskipuleggjendur vilja reyna að auka skilning fólks og fræða það um málefni eins og fátækt og ójöfnuð og sömuleiðis styrkja efnahag áfangastaðarins. Sjálfbóðaliðaferðamennskan er talin hafa að markmiði bæði samfélagsleg- og umhverfismál frekar en gróða og eins á hún að takmarka neikvæð áhrif á heimamenn og samfélag áfangastaðarins.

## **2.2 Skilgreiningar og verkefni í boði**

Sjálfbóðaliðaferðamennska hefur verið nefnd ýmsum nöfnum, s.s. sjálfbóðaliðafrí (e. volunteer vacation), smá-markmið (e. mini-mission), létt-markmið (e. mission lite), fórnfýsisferðamennska (e. altruistic tourism) og þjónustusinnað frí (e. servicebased vacation) (Chen & Chen, 2011). Sjálfbóðaliðaferðamennska og ferðamennirnir, sem hana stunda, eru skilgreindir á mismunandi hátt eftir fræðimönnum. Wearing (2001) skilgreinir sjálfbóðaliðaferðamennsku sem svo að ferðamenn bjóði fram aðstoð sína sem sjálfbóðaliðar á ferðalagi og aðstoð getur verið af samfélagslegum og/eða umhverfislegum toga.

Þessi tegund ferðamennsku hefur verið rannsökuð út frá ýmsum sjónarhornum, þar á meðal hvernig sjálfbóðaliðastörf hafa áhrif á sjálfbóðaliðann sjálfan. Sjálfbóðaliðaferðamennska er afþreying sem getur myndað sterkt tengslanet milli

aðila, sem hafa sömu áhugamál, þ.e. leitt saman einstaklinga með sömu markmið og gildi og þar af leiðandi lagt grunninn að því að bæta tengslanet og auka vitund einstaklinganna (e. consciousness-raising experience). Það, sem er svo einstakt við sjálfbóðaliðaferðamenskuna, er reynslan sem situr eftir hjá sjálfbóðaliðunum, þ.e. reynslan af að vinna náið með öðrum sjálfbóðaliðum, rannsakendum, embættismönnum á áfangastað (e. local officials) og heimamönnum (McGehee & Santos, 2005).

Ferðin þarf ekki að vera sérstaklega löng til að ná þessum einstöku tengslum því áhrifin eru oft svo mikil þó að ferðin sé stutt, þ.e. að aðstæður geta verið mjög yfirþyrmandi og ýta undir reynslu og upplifun viðkomandi. Sjálfbóðaliðarnir mynda oftast en ekki nánin tengsl sín á milli vegna þess hversu miklum tíma þeir verja saman, bæði við störf og daglegar athafnir. Oftast nær verja sjálfbóðaliðarnir matartímum og þjálfun saman, deila húsnæði og ferðast jafnvel til og frá stöðunum saman. Þeir skiptast á sögum og upplýsingum og mynda sterk tengsl sem byggjast á sameiginlegri reynslu. Tengslin eru byggð á því að einstaklingarnir hafi svipuð áhugamál þrátt fyrir að koma frá ólíkum heimshornum (McGehee & Santos, 2005).

Sjálfbóðaliðum standa mörg verkefni til boða og eru þau bæði mjög fjölbreytileg og mismunandi löng. Þau geta verið allt frá viku að lengd upp í ársdvöl. Algengast er að sjálfbóðaliðar fari í verkefni sem eru styttri en sex mánuðir að lengd. Sumir halda því fram að þeir sjálfbóðaliðar, sem fari í lengri verkefni, þ.e. árslöngu verkefni, stýrist af meiri fórnfýsi en þeir sem fari í styttri ferðir (Novelli, 2005). Einnig er því haldið fram að því lengur sem viðkomandi dvelur í verkefninu, því líklegra er að hann telji sig vera sjálfbóðaliða frekar en ferðamann (Lyons, 2003).

Verkefni geta verið tengd umhverfisvernd, dýravernd eða verkefnum af samfélagslegum toga þar sem unnið er með fólki. Má þar nefna m.a. að taka þátt í uppbyggingu skóla eða vinna á heimilum fyrir munaðarlaus börn í þriðja heiminum. Einnig er hægt að vinna með ljónum t.d. í Suður Afríku, filum í Tælandi eða skjaldbököm á Kosta Ríka (Lo & Lee, 2011). Flestir tengja sjálfbóðaliðaferðamenskuna við áfangastaði þar sem ríkir mikil fátækt og mörg samfélagsleg-, pólitísk- eða umhverfisvandamál eru til staðar. Vinsælustu áfangastaðirnir eru lönd Afríku, Mið-Ameríku og Suður-Ameríku (Novelli, 2005). Sjálfbóðaliðaferðamenska er þó ekki eingöngu bundin við fátækt og vandamál landa suðursins heldur er einnig

hægt að stunda hana innan Evrópu, meðal annars á Íslandi. Hingað koma sjálfboðaliðar víðs vegar að úr heiminum til starfa að ýmsum verkefnum (AUS - Alþjóðleg ungmennaskipti, 2011).

McMillon, Cutchins og Geissinger (2006) flokka sjálfboðaliðaverkefni í mismunandi flokka eftir því hvað verkefni fela í sér. Flokkarnir, sem þeir notast við, eru m.a. landbúnaður, fornleifafræði, samfélagsþróun, velferð samfélaga, uppbygging (e. construction), efnahagsþróun, menntun, minjavarsla, mannréttindi, heilsuvernd, umhverfisvernd (bæði lands og sjávar), munaðarlaus börn, málefni kvenna og rannsóknir. Að mati Novelli (2005) eru vinsælustu sjálfboðaliðaverkefni þau sem snúa að velferð nándarsamfélaga (e. community welfare) og kennslu eða fræðslu af einhverjum toga. Samfélagsvelferð getur verið mjög mikilvæg fyrir staðarsamfélagið því að verkefni sem falla undir það snúa oft að því að leysa úr samfélagsvandamálum tengdum heilsufari, sjúkdómum eða átökum af einhverju tagi.

## 2.3 Sjálfboðaliðaferðamenn

Sjálfboðaliðaferðamenn eru skilgreindir sem það fólk sem gefur ekki bara tíma sinn heldur einnig fjármagn og vinnuframlag á áfangastað í þeim tilgangi að fá að kynnast nýrri menningu, umhverfi og náttúru sem og öðlast andlega reynslu. Slíkir ferðamenn taka þátt í að byggja upp eða bæta t.d. umhverfið, ýmis mál varðandi menningu og samfélag og einnig á sviði mannréttinda. Vinnuframlagi þeirra er ekki einungis ætlað að vera veigamikil fyrir þá sjálfa heldur einnig íbúa staðarsamfélagsins (Chen & Chen, 2011).

Þeir ferðamenn sem fara í sjálfboðaliðaferðir eru oft taldir vera að leita að sjálfum sér, þ.e. leita að hlutverkinu sem þeir eiga að gegna innan samfélagsins og hvaða tilgang líf þeirra á að hafa fyrir bæði aðra og þá sjálfa (Zahra & McIntosh, 2007).

Það ferðast ekki allir ferðamenn af sömu ástæðum og geta tengslin sem ferðamaðurinn hefur við sjálfan sig og sitt eigið samfélag og menningu haft áhrif á af hverju viðkomandi kys að ferðast. Tengslin segja mikið til um bæði mikilvægi og þýðingu ferðalaga í lífi hvers og eins. Cohen (1979) telur að ferðamáti fólks stýrist af því hvernig og hvar einstaklingar staðsetja sinn eigin kjarna í samfélaginu. Kjarninn er í raun samheiti yfir þá mismunandi þætti, sem ferðamenn leitast eftir að fullnægja, þ.e. þarfir, langanir og hvata. Fólk getur verið í mismunandi tengslum við kjarnann, sumir

hafa enga þörf fyrir neinn kjarna, þ.e. enga þörf til að upplifa einhverja endanlega þýðingu lífsins á meðan aðrir hafa tapað tengslum við eigin kjarna og leita út fyrir sitt samfélag til að ná tengslum við kjarnann aftur. Enn aðrir telja einfaldlega að þeirra kjarna sé ekki að finna innan þeirra eigin samfélags heldur sé nauðsynlegt að leita út, í aðra menningu og annað samfélag, til að finna eigin kjarna.

Cohen (1979) talar um fimm mismunandi formgerðir ferðamannaupplifunar, allt eftir því hverju ferðamaðurinn leitar eftir. Formgerðarflokkun hans hefur verið notuð í ýmsum rannsóknum á bakpokaferðalöngum, til dæmis í rannsóknum Uriely (2009). Fyrsta gerðin er ferðamaður í leit að afþreyingu (e. recreational mode) en það er þegar ferðamaðurinn ferðast til þess að hlaða batteríin. Ferðin hefur enga sérstaka þýðingu fyrir viðkomandi aðra en þá að ferðamaðurinn vill njóta lífsins. Þessi upplifun er talin styrkja tengslin við eigin kjarna þegar heim er komið. Önnur gerðin er ferðamaður í leit að tilbreytingu (e. diversionary mode), þ.e. ferðamaðurinn ferðast til þess að flýja hversdagsleikann. Þessi ferðamaður er ekki talinn vera í tengslum við kjarna sinn í eigin samfélagi né telur hann þörf á því að styrkja tengsl við eigin kjarna. Þriðja gerðin er ferðamaður í leit að upplifun (e. experiential mode) þar sem ferðamaðurinn er meðvitaður um tilgangssleysi lífs síns, þ.e. hann er kjarnalaus. Sá ferðamaður er í eins konar leit að kjarna, hann telur grunnhyggni og óreiðanleika vera ríkjandi í samfélaginu og lífi sínu og leitar þar af leiðandi að áreiðanleika og kjarna í öðru samfélagi. Fjórða gerðin er hinn leitandi ferðamaður (e. experimental mode) en þá er ferðamaðurinn í engum tengslum við kjarna síns eigin samfélags. Ferðamaðurinn leitar tilgangs með því að ferðast til mismunandi staða og er í raun í stöðugri leit að sjálfum sér. Ferðamaðurinn gerir sér ekki grein fyrir því hverju hann leitar að, þetta er andleg leit en samt sem áður án ákveðins markmiðs. Fimmta og síðasta gerð ferðamannaupplifunar er ferðamaður í leit að tilvistarlegum þáttum (e. existential mode). Ferðamaðurinn er í sterkum tengslum við eigin kjarna en kjarninn er utan við hans eigið samfélag. Hann ferðast frá tilgangssleysi og finnur kjarna sinn, og þar með sjálfan sig, í öðrum menningarheimum (Cohen, 1979).

Í raun geta sjálfboðaliðaferðamenn fallið undir allar gerðir ferðamannaupplifunar í formgerðarflokkun Cohens (1979) nema þá fyrstu því að þeir eru í leit að einhverju meiru en afþreyingu til dægrastyttingar. Flestir, sem fara í sjálfboðaliðaferðir, eru ungir einstaklingar sem vilja taka sér frí í eitt ár eftir menntaskóla áður en farið er í háskóla eða út á vinnumarkaðinn. Þetta árs frí (e. gap year) nota einstaklingarnir til að

ferðast um heiminn, öðlast tilbreytingu í líf sitt, upplifa eitthvað nýtt, gefa lífi sínu tilgang, sinna mismunandi störfum og/eða jafnvel til að finna sig sjálfa í lífinu, þ.e. hvaða stefnu þeir vilja taka (Simpson, 2004). Í rannsókn McGehee og Santos (2005) á bandarískum sjálfboðaliðum nefndu langflestir viðmælenda það að þeir hefðu farið út sem sjálfboðaliðar á mikilvægum tímamótum í lífi sínu, þ.e. eftir útskrift úr menntaskóla eða háskóla. Þeir, sem voru eldri, nefndu að þeir hefðu verið að hætta að vinna og komast á eftirlaun sem marka ákveðin tímamót í þeirra lífi líka. Ákvörðun um ferðina var því tekin þegar kaflaskipti urðu í lífi einstaklinganna og miðað við hvað sjálfboðaliðarnir vilja fá út úr slíkum ferðum má álykta að ferðin sé farin til að hjálpa þeim að finna sig og hefja nýjan kafla í lífinu.

Sjálfboðaliðavinna erlendis hefur einnig orðið vinsæl vegna frægra einstaklinga sem styrkja viss málefni vítt og breitt um heiminn. Sem dæmi hefur þátttaka *Bono*, söngvara *U2*, átt þátt í að vekja áhuga á verkefnum sjálfboðaliðasamtaka (Simpson, 2004). Einnig fóru prinsarnir *William* og *Harry* í Bretlandi í sjálfboðavinnu erlendis þegar þeir tóku sér árs frí eftir menntaskóla og jök það enn frekar á vinældir slíkra ferða (Novelli, 2005).

Sjálfboðaliðaferðamenn teljast til þeirra ferðamanna sem hafa ríka ævintýraþrá, þeir eru sjálfsöruggir, hafa löngun til að fara skrefinu lengra og upplifa lífið á nýjan máta. Þeir vilja sjá og gera nýja hluti og upplifa heiminn í kringum sig. Þessa tegund ferðamanna kallaði Plog (1974) framandi ferðamenn (e. allocentric), þ.e. þeir sem leita eftir framandi upplifun og eru óhræddir við að ferðast út fyrir sitt þægindasvið.

Fræðimenn, sem hafa rannsakað, hvað fær fólk til að fara í sjálfboðaliðaferðir hafa búið til ýmis flokkunarkerfi til að flokka einstaklingana eftir. Sem dæmi hafa sjálfboðaliðar verið flokkaðir í tvær tegundir sjálfboðaliðaferðamanna, annarsvegar sjálfboðaliðaferðamenn með áherslu á sjálfboðavinnu (e. volunteer-minded tourists), þ.e. þeir sem hafa bæði áhuga og vilja og verja mestum eða öllum sínum tíma til sjálfboðaliðastarfa og hins vegar sjálfboðaliðaferðamenn með áherslu á frí (e. vacation-minded tourists), þ.e. þeir sem verja aðeins broti af tíma sínum til sjálfboðaliðastarfa (Lo & Lee, 2011). Einstaklingarnir reyna að sameina áhuga sinn á ferðalögum við sjálfboðaliðastörf eða sameina áhuga sinn á sjálfboðaliðastörfum við ferðalög (Broad, 2003).

Sjálfbóðaliðar gefa vinnu sína, þ.e. þeir fá ekki greidd laun fyrir hana og þurfa yfirleitt að borga fyrir fæði, upphald og styrk (e. contribution) til verkefnisins eða samtakanna áður en farið er í ferðina. Sá kostnaður getur vel verið töluvert hærri en viðkomandi myndi borga fyrir „hefðbundið” ferðalag/frí til sama áfangastaðar (Wearing, 2001).

## 2.4 Hvati sjálfbóðaliða

Sjálfbóðaliðaferðamennska er sífellt að verða aðgengilegri og vinsælli meðal ferðamanna víðsvegar um heiminn. Samkvæmt rannsókn Sin (2009) á sjálfbóðaliðum frá Singapore, sem fóru til Suður-Afríku, er þráin að ferðast helsti hvatinn, þ.e. að ferðast um heiminn á mismunandi og framandi staði. Margir sjálfbóðaliðanna í rannsókninni nefndu einnig að ástæðan hefði verið að láta gott af sér leiða, þ.e. að fórnfýsi (e. altruism) væri hvatinn. Vissulega getur sú ástæða verið góð og gild en líklegast er hún þó aðeins hluti hvatans og blandast saman við áhugann á því að ferðast, njóta lífsins, flýja hversdagsleikann, upplifa spennu og ævintýri og kynnast nýju fólki. Sumir eru samtímis að leitast við að verða sjálfstæðir einstaklingar, gefa lífi sínu meiri tilgang og telja vissu markmiði náð eftir slíka ferð. Enn aðrir vilja læra af reynslunni, t.d. að vera hluti af heild, standa á eigin fótum og vinna að frekari sjálfbóðastörfum. Með því að ferðast sem sjálfbóðaliðar fá margir tækifæri til að kynnast bæði landi og þjóð enn betur því þeir ferðast oft á óþekkta og framandi staði og verða sömuleiðis hluti af samfélaginu (Sin, 2009).

Rannsóknir Lo og Lee (2011) á hvötum og upplifunum sjálfbóðaliða frá Hong Kong leiddu í ljós að það liggja aðallega fimm hvatar að baki slíkra ferða. Þeir vilja kynnast menningu og eiga samskipti við heimafólk á staðnum og hafa einnig þörf fyrir að gefa til baka. Ennfremur nefndu viðmælendurnir að þeir hefðu farið í ferðina með fjölskyldumeðlimum og hvatinn hefði þá verið að deila upplifun með fjölskyldunni. Aðrir nefndu að helsti hvatinn væri vegna trúarlegra ástæðna og enn aðrir töluðu um að flýja hversdagsleikann.

Niðurstöður rannsóknar Brown og Letho (2005) hafa sýnt fram á fjóra helstu hvata sjálfbóðaliðaferða og eru þeir: áhugi á framandi/ólíkri menningu, að láta gott af sér leiða og gefa til baka, félagsskapur og upplifun með öðrum sjálfbóðaliðum og að styrkja fjölskyldutengsl og auka þekkingu. Áhuga vakti hvatinn „að láta gott af sér leiða og gefa til baka” fyrir þær sakir að sjálfbóðaliðarnir bjuggust ekki við að fá neitt



til baka sjálfir. Samt sem áður var það þessi sami hvati sem gaf sjálfboðaliðunum þá tilfinningu að þeir skiptu máli, þ.e. að það sem þeir væru að gera skipti máli og fullnægði þar af leiðandi þrá þeirra til að láta gott af sér leiða.

Margir virðast líta á sjálfboðaliðaferðamennsku sem áskorun fyrir sig þar sem þeir stíga út fyrir sitt þægindasvið. Oft er farið á slóðir sem eru gjörólíkar því sem er heima fyrir, það þarf að kynnast nýju fólki, nýjum lífsstíl, nýrri menningu og jafnvel nýju tungumáli. Þetta er því áskorun sem bæði gagnlegt og gaman er að standast (Sin, 2009).

## **2.5 Líðan við undirbúning og lok ferðar**

Sjálfboðaliðaferðamennska mun án efa hafa áhrif á þá sem hafa ferðast sem sjálfboðaliðar. Í sumum tilfellum fer fólk að vinna sem sjálfboðaliðar fyrir samtök í eigin heimalandi í framhaldi af sjálfboðaliðaferð eða það snýr aftur erlendis að vinna sem sjálfboðaliðar. Einhverjir unnu sem sjálfboðaliðar fyrir ferðina og halda því áfram eftir ferðina og enn aðrir segja skilið við sjálfboðastörf að lokinni ferð (Sin, 2009).

Í rannsókninni sem McGehee og Santos (2005) gerðu á sjálfboðaliðum frá Bandaríkjunum kom skýrt fram hversu mikilvægur stuðningur bæði vina og fjölskyldu var fyrir undirbúning ferðarinnar. Flestir nefndu hversu mikilvægur andlegur stuðningur væri, þ.e. að nánasta tengslanet, svo sem vinir og ættingjar, tækju vel í hugmyndina og sýndu henni áhuga. Aðrir nefndu einnig hversu mikilvægur fjárhagslegur stuðningur fjölskyldunnar væri en það var aðallega meðal þeirra sem tilheyrðu milli- og efri stétt samfélagsins. Þeir töldu sig vera einstaklega heppna að eiga kost á að fara í slíka ferð. Sumir nefndu þó að skortur á stuðningi frá nánasta tengslaneti hefði ýtt undir áhuga þeirra á að fara í ferðina, þ.e. að skorturinn á stuðningi hefði orðið einn af hvötunum til þess að fara í ferðina og standa á eigin fótum. Stuðningur fjölskyldunnar telst í flestum tilfellum hafa áhrif á ákvörðun sjálfboðaliðans og í þeim tilfellum þar sem stuðning skorti í upphafi, birtist hann yfirleitt á einhverjum tímamarki í ferlinu fyrir ferð. Það sem fjölskyldur, og þá foreldrar sérstaklega, voru hræddar við var að einstaklingurinn væri einn og yfirgefinn, þ.e. dveldi í nýju landi, nýjum menningarheimi, innan um ókunnugt fólk og þyrfti að bjarga sér sjálfur (McGehee & Santos, 2005).

Reynslan sem sjálfbóðaliðarnir upplifðu hafði einnig djúp áhrif á þekkingu, hugsun og líf þeirra. Það, sem þeim fannst skipta miklu máli í lok ferðar, var að hitta aðra sjálfbóðaliða og geta talað um reynslu og upplifun sína en það er ekki í boði hjá öllum samtökum sem senda sjálfbóðaliða út í heim (McGehee & Santos, 2005).

## 2.6 Ávinningur sjálfbóðaliða

Sjálfbóðaliðinn mun með þátttöku sinni afla sér aukinnar þekkingar á samfélaginu sem hann dvelst í. Þessi aukna þekking stuðlar að því að víkka sjóndeildarhring sjálfbóðaliðans og auka líkur á því að hann taki þátt í frekari sjálfbóðavinnu þegar heim er komið. Margir bandarísku sjálfbóðaliðanna í rannsókn McGehee og Santos (2005) nefndu hvernig reynslan hefði opnað fyrir þeim ný tengslanet og ný vináttusambönd á meðan á ferðinni stóð. Þessi tengsl og vináttusambönd voru hvorki bundin kynþætti né menningu og sögðu sjálfbóðaliðarnir þetta hafa opnað augu þeirra og breytt lífi þeirra. Flest þessara nýju sambanda héldust áfram eftir ferðina og höfðu áhrif á einstaklingana.

Það má áætla að samskiptasíður á netinu geri auðveldara um vik að halda utan um slík tengsl í dag, þá með hjálp síðna eins og *Twitter* og *Facebook*.

Um leið og nýjar dyr opnast, þ.e. ný vináttusambönd myndast, lokast aðrar. Bandarísku sjálfbóðaliðarnir nefndu einnig að vináttusambönd við vini sem þeir höfðu átt margt sameiginlegt með fyrir ferðina hefðu dottið upp fyrir eftir ferðina. Töldu þeir helstu ástæður þess að þeir hefðu sjálfir breyst í ferðinni, þeir voru núna í raun „öðruvísi“, þ.e. frábrugðnir vinum sínum eftir ferðina. Þeir voru orðnir sjálfstæðari í hugsun, skilningsríkari í garð samfélagsins og kunnu illa við að taka þátt af jafnmiklu kappi og áður í lífsgæðakapphlaupinu. Þeim fannst vinir sínir, sem þurftu að eignast nýja tölvu eða nýtt sjónvarp, í raun vera blindir á það sem skipti raunverulega máli. Sjálfbóðaliðarnir gerðu sér frekar grein fyrir ójöfnuðinum í heiminum og í samfélaginu, þeir töldu sig vera nægjusamari, fannst þeir hafa betri skilning á „við og hinir“ og hvernig hnattvæðing hefur áhrif á samfélagsstöðu heimsborgaranna. Einnig gerðu þeir sér betur grein fyrir því hversu flókin vandamál heimsins eru og töldu mikilvægt að þeir hefðu öðlast dýpri skilning á að vandamálin verði ekki leyst á einum degi. Þeim fannst þeir skilja betur hvernig öll litlu smáatriðin verða að einu stóru, þ.e. að með því að breyta sinni eigin hegðun og venjum geta þeir haft áhrif á lausn vandans

í framtíðinni (McGehee & Santos, 2005). Wearing (2001) talar um að helsti ávinningur sjálfboðaliðaferðamanna sé sá að þeir verði meðvitaðri um sjálfa sig og umbreyti sér og sjálfseinkennum sínum í kjölfar ferðar.

## **Gagnrýnisraddir**

*„The cynic in me suspects that these short-timers take home more from their slumming in the Third World than leave behind for the underprivileged they are supposed to help” (Kwa, 2007).*

Gagnrýni líkt og í tilvitnuninni heyrir oft á tíðum þegar umræðan berst að sjálfboðaliðaferðamennsku. Það sem sjálfboðaliðarnir sjálfir „græða” á dvölinni eru minningarnar, ljósmyndir af sér með þeim sem minna mega sín og einhverjir hreinsa jafnvel samviskuna með því að láta gott af sér leiða. Aðrir nýta reynsluna til þess að sækja um háskóla eða starf (Kwa, 2007). Ennfremur er því haldið fram að sjálfboðaliðarnir vilji verða „hipp og kúl” í augum vina sinna, þ.e. að það að hafa farið sem sjálfboðaliði muni gefa þeim það stöðutákn innan vinnuhópsins, að þeir séu ævintýragjarnir og svalir (Sin, 2009). Mustonen (2006) fjallar einnig um það hvort þeir sem koma í sjálfboðastörf til styttri tíma geri nokkurt gagn yfirhöfuð. Þeir geta farið hvenær sem þeir vilja og þegar þeir fara, þarf staðarsamfélagið aftur að hafast við án aðstoðar frá sjálfboðaliðum.

Aðrar gagnrýnisraddir ganga skrefinu lengra og segja að sjálfboðaliðar segist hafa umhverfisvitund og vilji láta gott af sér leiða en hugsi ekki fyrir því að ferðalag þeirra til áfangastaðarins, s.s. flug og bílferð, geti haft áhrif á umhverfið (Mustonen, 2007).

## 3 Gögn og aðferðir

### 3.1 Aðferðafræði

Rannsóknin var framkvæmd eingöngu með eigindlegum aðferðum. Með eigindlegum aðferðum leitast rannsakendur við að skilja og fá innsýn í hinn félagslega heim. Það gera þeir með mörgum breytum og fáum tilvikum. Ólíkt meginlegum aðferðum, sem byggjast á afleiðslu, byggjast eigindlegar aðferðir á aðleiðslu. Í því felst að rannsakendur byrja með ákveðnar rannsóknarspurningar og afla sér frekari þekkingar á rannsóknarefninu. Með aukinni vitneskju á viðfangsefninu eru spurningarnar að lokum þrengdar. Þegar rannsakendur vilja öðlast dýpri skilning er best að nota eigindlegar aðferðir frekar en meginlegar aðferðir. Í eigindlegum aðferðum eiga öll sjónarhorn rétt á sér. Vegna þess eru eigindlegir rannsakendur á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem þeir geta haft á þátttakendur (Esterberg, 2002).

### 3.2 Framkvæmd rannsókna og þátttakendur

Við undirbúning rannsóknarinnar var mótuð rannsóknaráætlun þar sem kom fram hvert markmið rannsóknarinnar væri og unnið var að hugmynd að rannsóknarspurningum. Því næst voru lesnar fræðigreinar tengdar viðfangsefninu til að afla sér frekari þekkingar á efninu sjálfu. Eftir lestur mótuðust rannsóknarspurningarnar betur. Næsta skref í undirbúningi rannsóknarinnar var að velja þátttakendur og það var gert með markvissu úrtaki (e. purposive sampling) sem felur í sér að velja markvisst þátttakendur, sem falla inn í rannsóknina, þ.e. fólk sem hefur farið erlendis í sjálfbóðaliðastörf. Einnig var notast við veltiúrtak (e. snowballing) þar sem viðmælendur bentu á aðra sem gætu varpað ljósi á viðfangsefnið (Esterberg, 2002). Viðtölin fóru fram á bilinu 29. mars til 12. apríl og voru þau um 35 til 75 mínútur að lengd. Fyllsta trúnaðar er gætt og því hefur nöfnum viðmælendanna verið breytt og einnig er aðeins tekið fram í hvaða heimsálfu viðmælendur voru við sjálfbóðastörf en ekki tilgreint í hvaða landi. Þetta er gert til þess að ekki sé hægt að rekja svör viðmælenda. Aldur viðmælenda er þó réttur.

Viðmælendur voru :

- Einar Einarsson, 19 ára þegar hann fór í 12 mánaða sjálfboðaliðaferð til Asíu. Viðtal fór fram þriðjudaginn 29. mars 2011, kl. 20:30-21:45.
- Dagný Dagsdóttir, 25 ára þegar hún fór í 2 mánaða sjálfboðaliðaferð til Afríku. Viðtal fór fram miðvikudaginn 30. mars 2011, kl. 20:00-21:05.
- Gunna Gunnarsdóttir, 42 ára þegar hún fór í 2 mánaða sjálfboðaliðaferð til Suður-Ameríku. Viðtal fór fram miðvikudaginn 6. apríl 2011, kl. 14:00–15:00.
- Bjarni Bjarnason, 20 ára þegar hann fór í 7 mánaða sjálfboðaliðaferð til Evrópu. Viðtal fór fram þriðjudaginn 12. apríl 2011, kl. 13:00-14:40.
- Helga Helgadóttir, 19 ára þegar hún fór í 12 mánaða sjálfboðaliðaferð til Mið-Ameríku. Viðtal fór fram þriðjudaginn 12. apríl, kl. 20:00-20:50.

Einnig voru tekin viðtöl við fulltrúa samtaka sem sjá um að senda fólk erlendis í sjálfboðaliðastörf:

- Svanborg Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri Nínukots. Viðtal fór fram á skrifstofu Nínukots miðvikudaginn 30. mars 2011, kl.14:00–14:35
- Kristín Björnsdóttir, framkvæmdastjóri AUS. Viðtal fór fram á skrifstofu AUS þriðjudaginn 5. apríl, kl. 13:00-13:45.

Esterberg (2002) fjallar um þrjár tegundir viðtala. Þau eru í fyrsta lagi stöðluð viðtöl en það eru formleg viðtöl þar sem lagðar eru ákveðnar spurningar af rannsakanda fyrir viðmælendur. Í öðru lagi eru það hálfstöðluð viðtöl þar sem rannsakandi er með fyrirfram ákveðnar hugmyndir að spurningum, þ.e. viðtalsramma, sem nýtist til þess að leiða viðtalið áfram. Í síðasta lagi eru það óstöðluð viðtöl en það eru viðtöl í formi samtala án fyrirfram mótaðra spurninga.

Valið var að taka hálfstöðluð viðtöl. Viðtöl eru góður kostur til að svara rannsóknarspurningum þegar rannsakendur vilja læra af reynslu fólks og þau veita innsýn í hugsanir og tilfinningar viðmælenda. Í hálfstöðluðum viðtölum eða opnum viðtölum eru viðfangsefnið skoðuð opinskátt og viðmælendur fá að nota sín eigin orð til að tjá sig. Stuðst var við viðtalsramma (sjá viðauka), þ.e. fyrirfram ákveðnar spurningar sem eru opnar en þó mótast viðtölin oft sjálfkrafa. Mikilvægt er að forðast leiðandi spurningar vegna þess að þær hafa áhrif á svör viðmælenda (Esterberg, 2002).

Reynt var að hafa viðtölin heldur óformleg og meira í samtalsformi. Viðtölin voru tekin upp með samþykki viðmælanda minna, afrituð og var textinn kóðaður, þ.e. efnið var marglesið og leitað eftir ákveðnum þemum og kaflar merktir eftir þeim og að lokum voru helstu atriði dregin saman (Taylor & Bogdan, 1998).

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er mikilvægt að greina gögn eins fljótt og hægt er. Viðtölin voru afrituð skömmu eftir að viðtalinu sjálfu lauk þar sem unnið var að því að finna þemu og kóða í gögnunum. Eigindlegar aðferðir eru sveigjanlegar og með því að greina gögn sem fyrst er hægt að sjá rauðan þráð myndast og þá hvort nauðsynlegt sé að breyta rannsókninni að einhverju leyti eða beina spurningum í aðrar áttir (Esterberg, 2002).

## 4 Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður sem fengust úr viðtölum og þær settar í samhengi við rannsóknarspurningar og markmið ritgerðarinnar. Farið verður yfir undirbúning og ákvörðun íslensku sjálfboðaliðanna, hvað hvatti þau til ferðarinnar, hvaða markmiðum þau vildu ná og hvaða væntingar þau höfðu til ferðarinnar. Ennfremur verður fjallað um áhrif ferðarinnar, hvernig viðmælendum leið þegar þau komu aftur úr ferðinni og hvort ferðin muni hafa áhrif á síðari ferðalög sjálfboðaliðanna.

### 4.1 Undirbúningur og ákvörðun

Ákvörðunartaka og umfang undirbúnings var misjafn eftir einstaklingum. Flestir viðmælenda ákváðu að fara í ferðina með miklum fyrirvara og eyddu tímanum fram að ferð í að safna sér fyrir henni. Samkvæmt bæði Kristínu hjá AUS og Svanborgu hjá Nínukoti, er langalgengast að ferðin sé borguð af sjálfboðaliðunum sjálfum. Þar af leiðandi gefa þeir sér tíma til að safna fyrir ferðinni. Hjá bæði Gunnu (Suður-Ameríka) og Helgu (Mið-Ameríka) var ákvörðunartakan mjög hröð. Helga fékk símhringingu frá frænku sinni sem langaði að fara út sem sjálfboðaliði og hún ákvað að slá til og fara líka, þó svo þær færu ekki til sama lands. Ákvörðun hennar var því ekki úthugsuð heldur meira tækifæri sem bauðst og hún ákvað að grípa. Gunna ákvað líka í nokkrum flýti að fara í sína ferð, aðstæður sköpuðust þannig fjárhagslega sem gerðu henni kleift að fara og hún ákvað að láta gamlan draum rætast.

Bjarni (Evrópa), Einar (Asía) og Helga (Mið-Ameríka) höfðu ekki ferðast mikið áður, annað en með fjölskyldu og þá helst innan Evrópu. Bæði Gunna (Suður-Ameríka) og Dagný (Afríka) höfðu ferðast töluvert en Gunna hafði þó aldrei verið í burtu til lengri tíma en Dagný hafði tvisvar áður farið í nokkurn tíma, mest heilt ár.

Viðmælendur stóðu á ákveðnum tímamótum í lífi sínu þó að þau hafi verið mismikil. Bæði Kristín (AUS) og Svanborg (Nínukot) nefndu að flestir sjálfboðaliðanna væru kringum tvítugt og að algengt væri að þeir væru að taka sér hlé eftir menntaskóla (e. gap year). Bjarni vildi taka sér hlé eftir menntaskólann á meðan Helga var komin með skólaleiða og ákváð að taka sér hlé frá náminu. Dagný útskrifaðist úr háskóla og vildi prófa eitthvað nýtt og Gunna hafði fengið arf eftir móðurbróður sinn og vildi nýta arfinn sinn vel, þ.e. nýta hann í eitthvað sem væri í anda móðurbróður hennar. Einar

var hættur í skóla og farinn að vinna og fann fyrir miklu tilgangssleysi í lífi sínu, hann vissi ekki almennilega hvað hann vildi gera og ákvað því að það væri sniðugt að halda út í heim. Hann vildi læra eitthvað meira um sjálfan sig og ná betri áttum á því hvað hann myndi taka sér fyrir hendur næst.

Einar, Helga, Gunna og Dagný fóru í verkefni þar sem unnið var með börnum. Verkefnin fólu í sér að veita börnum alúð og umhyggju, örva þau, t.d. með því að fönndra með þeim eða iðka tómstundir af ýmsu tagi, og sum verkefnin voru einnig að kenna börnum og unglingum ensku. Verkefnið sem Bjarni fór í var mjög fjölbreytt og var hann t.d. að vinna við þýðingar, vinna á heimili fyrir aldraða og vann hann m.a. með einstaklingum sem höfðu lifað af fangabúðir nasista. Verkefnin sem bæði AUS og Nínukot bjóða upp á eru mjög fjölbreytileg, þ.e. eftir því hvar þau eru, hvað þau fela í sér og einnig í hversu langan tíma þau standa yfir. Samkvæmt Svanborgu (Nínukot) eru ljónaverkefnin vinsælust hjá þeim, þ.e. verkefni þar sem unnið er með ljónum í Zimbabwe og Zambíu. Kristín (AUS) nefndi að verkefni á heimili fyrir munaðarlaus börn í Kenýa væri mjög vinsælt hjá þeim, og ýmis önnur verkefni t.d. í Nepal, Ekvador og á Kosta Ríka. Báðar nefndu þær að fyrirspurnir um verkefni á Indlandi væru að berast þeim og Kristín tók fram að það sem er að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni hafi gjarnan áhrif á hvert fólk vill fara. Hún nefndi til dæmis að vinsældir kvikmyndarinnar *Eat, Pray, Love* gæti verið ástæða fjölgandi fyrirspurna um verkefni á Indlandi. Báðar töluðu um mikilvægi þess að hafa fjölbreytni í boði því áhugi fólks er mjög mismunandi. Það sem höfðar til eins höfðar ekki endilega til þess næsta.

Sjálfbóðaliðarnir töldu stuðning ættingja og vina vera mikilvægan en þó ekki nauðsynlegan. Fjárhagslegur stuðningur var þeim ekki mikilvægur þar sem þau borguðu öll sjálf fyrir ferðina sína. Bæði Kristín (AUS) og Svanborg (Nínukot) nefndu að í langflestum tilfellum fjármögnuðu einstaklingarnir ferðirnar sínar sjálfir. Bjarni (Evrópa) fór á Evrópustyrk í sitt verkefni, foreldrar Einars (Asía) borguðu flugið fyrir hann og foreldrar Helgu (Mið-Ameríka) styrktu hana smávegis eftir gengishrunið sem varð á meðan hún var úti í sínu verkefni. Sjálfbóðaliðarnir töldu það ekki skipta máli hvort þau hefðu stuðning vina og ættingja eða ekki, þau hefðu samt sem áður farið í ferðina. Það að hafa andlega stuðninginn var talið draga úr óttanum við að fara í burtu til lengri tíma en öll hefðu þau farið hvort heldur sem er. Þau sögðu að almennt hefði fólk verið mjög jákvætt gagnvart þessari ákvörðun þeirra.



Undirbúningur þeirra var mismikill en öll kynntu þau sér landið og staðinn að einhverju leyti áður en í ferðina var haldið. Þó var erfiðara að finna upplýsingar um suma staðina og bæði Einar (Asía) og Helga (Mið-Ameríka) fóru svolítið blint af stað, þ.e. með litla vitneskju um það sem biði þeirra. Gunna (Suður-Ameríka) kynnti sér landið og svæðið að einhverju leyti en eftir á að hyggja hefði hún viljað kynna sér það enn betur, svo sem menningu og lifnaðarháttum íbúanna. Hún telur að ferðin hefði getað gefið henni meira ef hún hefði kynnt sér þá þætti betur. Dagný (Afríka) kynnti sér staðinn og menninguna mjög vel áður en hún fór. Hún bjó sig undir menningarmuninn með því að lesa um staðinn, leita upplýsinga á veraldarvefnum og tala við fólk sem var þaðan. Hún áleit sig vel undirbúna en taldi þó ekki mögulegt að undirbúa sig fyrir allt það sem var ólíkt, það var því vissulega ýmislegt sem kom á óvart. Kristín (AUS) nefndi að haldin væri brottfararráðstefna með þeim sjálfbodaliðum sem væru á leið út á þeirra vegum þar sem reynt væri að undirbúa þá eftir bestu getu. Þar er farið yfir við hverju þeir megi búast og líka reynt að sýna slæmu og erfiðu hliðina á slíkum verkefnum og ferðum. Það er gert til þess að tilvonandi sjálfbodaliðar átti sig á að slík verkefni geta líka verið erfið, bæði líkamlega og andlega.

## 4.2 Hvati, markmið og væntingar

Hvatinn að ferðinni hjá langflestum var ævintýraþráin og það að láta gott af sér leiða. Tóku bæði Kristín (AUS) og Svanborg (Nínukot) undir að það væri algengt en nefndu einnig að það væri mikilvægt fyrir sjálfbodaliðana að finnast þeir vera að gera gagn, þ.e. að þeir væru að skila einhverju til staðarsamfélagsins. Bjarni (Evrópa) talaði um að helsti hvati hans, fyrir utan ævintýraþrána, hefði verið að læra að hugsa öðruvísi og venjast öðrum lífsstíl, þ.e. að tileinka sér ákveðna lífsleikni sem gerði honum kleift að átta sig á hversu góð lífsskilyrðin eru á Íslandi:

*„Það hugsa svo margir hér er ég, um mig, frá mér, til mín – en svona ferð, þetta kennir þér svo margt. Ég held að það sé gott fyrir alla að átta sig á hvað maður hefur það í rauninni gott, það þarf ekkert að kvarta yfir lúxusnum.“*

Gunna (Suður-Ameríka) sagði að það hefði skipt hana miklu máli að hún væri að gera gagn á meðan hún væri að ferðast. Helga (Mið-Ameríka) talaði um að þetta vikkaði

sjóndeildarhringinn gífurlega og undirstrikaði hversu mikilvægt það er að prófa eitthvað nýtt. Hún sagði:

*„Mig langaði rosalega að stóla á sjálfa mig, vita svona að ég gæti alveg gert allt sem ég vildi. Ef ég gæti búið ein í Mið-Ameríku þá gæti ég gert allt, skilurðu.“*

Ennfremur nefndu sjálfbóðaliðarnir að þetta hefði verið áskorun eða ögrun að einhverju leyti. Það að fara út fyrir sitt þægindasvið og á framandi og nýjar slóðir hefði ögrað þeim. Bjarni (Evrópa), Einar (Asía) og Helga (Mið-Ameríka) fóru öll út rétt um tvítugsaldurinn og þau nefndu að þau hefðu viljað öðlast meira sjálfstæði, þ.e. að læra að standa á eigin fótum.

*„Ég vildi ögra sjálfum mér, sem ég svo sannarlega gerði. Ég er alltaf kallaður Viddi við utan því ég er soldið utan við mig og í mínum eigin heimi en ég komst nú alveg klakklaust í gegnum þetta.“ (Bjarni, Evrópa)*

Flest vildu þau einnig styrkja kunnáttu sína í tungumálinu sem talað var á áfangastað. Helga og Gunna sem fóru til Mið- og Suður-Ameríku náðu góðum tókum á spænskunni. Helga talar reiprennandi spænsku eftir sína ársdvöl og Gunna náði góðum tókum á grunninum á sínum tveimur mánuðum. Bjarni, sem fór til Evrópu, lærði heilmikið í tungumálinu sem hann hafði engan grunn í áður en hann fór út í sína sjö mánaða ferð. Einar og Dagný fóru bæði á staði þar sem tungumálin eru framandi og erfitt að læra en þau náðu samt sem áður að læra það sem þurfti til að bjarga sér, þ.e. til að geta tjáð sig án þess að ná að halda uppi miklum samræðum.

## **Upplifun og aðstæður**

Upplifunin var mjög fjölbreytt og gat verið af ýmsum toga. Sem dæmi talaði Dagný (Afríka) um hvernig hún tók strax eftir því að litirnir voru öðruvísi. Fólk var í marglitum fötum, himinninn var ekki eins kaldur og við sjáum á Íslandi heldur fannst henni hann vera einhvern veginn mjólkurlitaður. Það var einhver brúnn litur yfir öllu sem gerði það að verkum að henni fannst allt verða svo hlýtt. Öll upplifðu þau tungumál sem þau voru óörugg í, ný húsakynni af mismunandi gæðum og framandi menningu. Þeim tókst að koma sjálfum sér á óvart með því að yfirstíga allar eða flestar áskoranir sem urðu á vegi þeirra.

*„Ég kom mér samt svolítið á óvart, mér fannst skordýr ógeðsleg en þegar ég kom út þá drap ég lófastóra könguló á hverjum degi í herberginu mínu og fannst það bara allt í lagi.” (Helga, Mið-Ameríka)*

Dagný (Afríka) sagði svo frá reynslu sinni í samskiptum við heimamenn:

*„Það var lítið barn sem varð hysterískt af hræðslu í strætó þegar það sá mig - og mamman alveg bara afsakið, hún heldur að þú sért draugur. Það var náttúrulega margt mjög ólíkt og þú veist, maður fær ekki mikið af bónorðum í strætó á Íslandi en það gerðist alveg þarna.”*

Gunna (Suður-Ameríka) var elsti sjálfbóðaliðinn sem ég talaði við og þrátt fyrir að hún væri ekki að leita eftir nákvæmlega sömu markmiðum og þeir sem voru tvítugir, þá var hún samt að ögra sér:

*“Ég var ekki eins og unga fólkið sem fór í fossarennibrautir og dó næstum því, ævintýrin mín voru bara öðruvísi.”*

Hún var ekki að ögra sér að því leytinu að standa á eigin fótum eða vera fjarri fjölskyldu og ættingjum heldur fólst ögrun hennar í því t.d. að deila húsnaði og baðherbergi, eitthvað sem hún er ekki vön að gera. Hún vandist þessu þó miklu fyrr en hún hafði þorað að halda, stífluð klósett og heitavatnsleysi ollu henni engri vanlíðan líkt og hún hafði búist við.

Sjálfbóðaliðarnir aðlöguðust hratt að samfélaginu og húsakynnum sínum þrátt fyrir að þau væru mjög ólík því sem þau eru vön. Þá skipti lengd dvalar engu máli, þau upplifðu það sama. Helga talaði um að henni hefði brugðið svolítið við að sjá hvar hún ætti að búa en hún tók þessu með jafnaðargeði:

*“Ég man ég kom og var voða þreytt eitthvað og ég bara frábært, fint – ég bara bý hér. Þegar maður kom inn í húsið þá var sko bílskúr, garður og stofa allt saman í einu rými. Ég fékk eiginlega bara hláturskast en ég hugsaði bara – svona er þetta bara. Þetta var mjög fyndið, bara mjög gaman.”*

Hreinlætisaðstaða var oft af skornum skammti að mati Dagnýjar (Afríka):

*“Klósettferðirnar voru oft ævintýralegar ... einhver svona útikamar fyrir alveg 20 fjölskyldur og það var engin hurð. Þetta var flísalagt og svona gat, á stærð við kiwi.*

*Ég var ekki búin að læra skeiniaðferðina, né vildi nota hana, og var því að vandræðast eitthvað með Kleenex.”*

Sjálfbóðaliðarnir nefndu að aðstæðurnar sem blöstu við voru meira en ásættanlegar miðað við hvar þau bjuggu. Einar (Asía) nefndi til dæmis að aðstæðurnar væru bara í góðu lagi miðað við hvar hann var:

*“Aðstæðurnar voru frekar, ah, hérna myndi maður kalla þær virkilega slæmar en þarna voru þær svo sem allt í lagi. Ekkert rennandi vatn oft, ekkert heitt vatn, ískalt á nóttunni en enginn hiti. Enginn gluggi, enginn ísskápur – ekkert hægt að geyma neinn mat. Fengum bara að borða þrisvar sinnum á dag og gátum ekkert farið út að kaupa okkur mat.”*

Ekki þurfti að leita út fyrir Evrópu til að upplifa yfirþyrmandi aðstæður, Bjarni segir svo frá þegar hann sá vistarverur sínar í fyrsta skiptið:

*“Ég lifði engu lúxuslífi og t.d. þegar ég labbaði inn í blokkaríbúðina sem ég átti að búa í þá hugsaði ég bara ‘oh my god’, hvað varstu að spá? Það var rotta sem bjó í stígaganginum og var orðin vön fólki svo hún eiginlega bara bauð manni góðan daginn. Þetta var bara hluti reynslunnar.”*

### **4.3 Áhrif sjálfbóðaliðaferðar**

Lengdin á dvölinni tengdist vissulega þeim áhrifum sem ferðin hafði á sjálfbóðaliðana og taldi Helga hana skipta sig máli. Hún nefndi að það hefði ekki komið til greina hjá sér að fara í styttri tíma en heilt ár og einnig fannst henni fjarlægðin skipta máli, þ.e. hana langaði til að fara langt í burtu. Það sem hana langaði til að upplifa var að vera ein, hún vildi ekki að fólk kæmist svo auðveldlega að heimsækja hana. Þetta átti að vera hennar upplifun og hennar lífsreynsla.

Tilgangur dvalarinnar varð einnig að vera einhver og þeim fannst mikilvægt að þau væru í raun að gera gagn. Í gegnum aðra sjálfbóðaliða, sem voru við störf í dýragarði, hafði Gunna t.d. orðið vör við að þeim þætti þeir vera fyrir, þeir voru ekki að gera gagn heldur búnir að kaupa sér aðgang að dýrunum. Gunnu fannst skipta máli að hún væri að gera gagn og upplifði verkefnið sitt með börnunum sem slíkt, þ.e. að hún væri að gera gagn. Kristín (AUS) talaði einnig um mikilvægi þess að sjálfbóðaliðinn

upplifði sig vera að þjóna tilgangi í verkefninu sínu, annars væri hætt við að einstaklingurinn nyti dvalarinnar ekki til fulls.

Dvölin, hvort sem hún var átta vikur eða heilt ár, hafði áhrif á viðkomandi en áhrifin voru eilítið mismunandi. Upplifunin var samt svo mikil allan tímann að í sumum tilfellum skipti lengd dvalar ekki endilega máli.

*“Mín tveggja mánaðaferð leið eins og meira en hálf ár af því hvert augnablik af deginum var eitthvað svo fullt af einhverju nýju og öðruvísi. Einn sólahringur var eins og 3 vikur eða eitthvað.” (Dagný, Afríka)*

Bjarni, Einar og Helga nefndu að þau hefðu fundið fyrir miklum mun þegar þau komu heim. Þau höfðu verið lengi í burtu og þroskast heilmikið á þeim tíma. Einnig höfðu upplifanir þeirra og reynsla haft mikil áhrif á þau. Ferðir Gunnu og Dagnýjar voru töluvert styttri og því fundu þær ekki fyrir eins djúpum áhrifum. Einnig voru þær báðar eldri og lífsreyndari og því hafði ferðin ekki sömu áhrif, þ.e. tengd þroska og sjálfstæði, líkt og hjá þeim yngri. Áhugavert var að heyra hjá Dagnýju hvernig hún setti sér það markmið að vilja læra eitthvað af heimamönnunum á meðan á dvöl hennar stóð. Hún vildi ekki bara koma með því hugafari að Vesturlandabúar hjálpi eða lagi allt sem er að heldur fannst henni mjög mikilvægt að hún legði sig fram við að tileinka sér eitthvað í fari þeirra. Hún talaði um ótrúlega hlýtt viðmót þeirra, hversu opnir og glaðir þeir hefði verið og hvernig tónlist og dans væri sterkur hluti af þeirra hversdagsleika. Það var eitthvað sem hún vildi taka með heim frá þeim, þ.e. að tónlist og dans yrði hluti af hennar lífi og það hefur hún gert með því að stunda afríska dansa síðan hún kom aftur heim.

## 4.4 Íslenskt menningarsjokk?

Þeir sem fóru í lengri ferðirnar, það er frá sjö mánuðum upp í ár, töluðu um að hafa fundið fyrir erfiðleikum við heimkomu. Bjarni (Evrópa), Einar (Asía) og Helga (Mið-Ameríka) nefndu öll að þau hefðu fengið menningarsjokk aftur þegar þau komu heim til Íslands. Vinirnir höfðu ekki áhuga á að heyra frá ævintýrum þeirra í smáatriðum og eins og Helga sagði þá er bara ekki hægt að segja frá tólf mánaða upplifun í fáum orðum. Einhver vinasambönd héldu ekki áfram eftir að sjálfbóðaliðarnir komu heim þar sem þau áttu ekki lengur samleið með því fólki. Sjálfbóðaliðarnir nefndu flestir að á meðan þau væru búin að vera í burtu í allan þennan tíma, væru vinirnir enn að

hjakkast í sama farinu, þ.e. enn með sömu vandamálin og enn að kaupa nýjustu útgáfu af farsímum. Sjálfboðaliðunum fannst eins og sumir vinirnir væru of grunnhyggur og sjálfumglaðir fyrir þeirra smekk. Þau töldu sig sjálf hafa þroskast út úr þessum hugsunarhætti.

Þörfin fyrir að tjá sig og segja frá reynslu sinni var samt mjög mikil, bæði hjá þeim sem fóru í lengri ferðir og í þær styttri. Þau töldu mjög mikilvægt að eiga möguleika á því að hitta aðra sjálfboðaliða til að deila sinni reynslu og heyra reynslu annarra, að geta talað við einhverja sem skildu hvað þau upplifðu og hefðu áhuga á að heyra um þær upplifanir. Kristín (AUS) sagði að haldin væri heimkomuráðstefna fyrir þá sjálfboðaliða sem eru að koma heim úr ferðum á þeirra vegum og nefndu sjálfboðaliðarnir ánægju sína með þann möguleika. Einnig stendur AUS fyrir því sem er kallað „kaffihúshittingar“, en þar gefst fólki tækifæri á að hitta aðra sjálfboðaliða, hvort sem það eru sjálfboðaliðar sem hafa farið, sjálfboðaliðar sem eru að fara eða erlendir sjálfboðaliðar sem eru í verkefnum á Íslandi.

Þrátt fyrir að sjálfboðaliðarnir hafi talað um breytt hugarfar við heimkomu, öðruvísi sýn þeirra á eitthvað sem hafði annars verið þeim eðlilegt, var misjafnt hversu lengi þau áhrif vörðu. Til dæmis talaði Helga um að hún eyddi peningunum sínum af meiri skynsemi núna. Hún hafði alltaf keypt rosalega mikið af skóm áður þar sem hún var að vinna í skóbúð, allt að þrjú pör á mánuði en núna segist hún aldrei myndu kaupa svona mörg skópör.

En hegðun sem hafði verið til staðar áður var fljót að láta á sér kræla aftur, þrátt fyrir árslanga fjarveru:

*“Þegar ég kom heim þá hérna fór ég á djammið með vinkonum mínum og við fórum á Danska barinn, og mér leið bara eins og þú veist, eins og þetta væri dýragarður hérna niðri í bæ. Mér fannst þetta vera klíkkun, bara ógeðslegt, ég var alveg bara hálf miður mín. Svo fór ég aftur og í fjórða skiptið þá fór ég aftur á Danska barinn og var að djamma sama djammið og ég var að djamma fyrir 4 djömmum síðan og var samt orðin fíllinn í dýragarðinum, þá var þetta bara orðið allt í lagi. Fyrst var maður alveg þetta er allt svo skrytið en svo vandist þetta bara.” (Helga, Mið-Ameríka)*

Sjálfboðaliðarnir áttu flestir mjög auðvelt með að aðlagast nýja staðnum, bæði menningu og siðum. Þessi hugsunarháttur var enn í huga þeirra þegar þau komu til

Íslands en eins og með svo margt annað þá var hann fljótur að hverfa, eða dvína að minnsta kosti.

*“Maður er svo fastur í svona hugsunarháttum, eins og að prúttu. Maður prúttaði alltaf þarna úti. Ég man bara um leið og ég kom heim og var á BSÍ að kaupa pylsu, ég var í bílalúgunni og þegar ég keyrði í burtu þá fékk ég svona tilfinningu, prúttaði ég þetta nóg? – ég prúttaði ekki neitt! Mér leið eins og ég hefði getað fengið þetta miklu ódýrara.” (Einar, Asía)*

## 4.5 Áhrif ferðar á síðari ferðalög

Sjálfbóðaliðarnir töldu að upplifunin og reynslan sem þau kynntust í sjálfbóðaliðaferð sinni myndu hafa áhrif á það hvernig þau myndu ferðast í framtíðinni og hvert þau myndu ferðast. Þau vildu ólm fara aftur til landsins sem þau voru í, annaðhvort í sambærilegt verkefni eða ferðast á eigin vegum og heimsækja sömu staðina. Sjálfbóðaliðarnir höfðu áhuga á að fara í aðra sjálfbóðaliðaferð en voru ekki viss um að þau myndu fara út á vegum samtaka aftur. Þau voru sammála um að það hefði veitt þeim mikla öryggis-tilfinningu að fara út á vegum samtaka í fyrsta skiptið en flest töldu þau sig núna vera í stakk búin til að fara á eigin vegum og finna sér sjálf verkefni. Helga sem dæmi er á leið í ferðalag til Asíu og hefur mikinn áhuga á að vinna í sjálfbóðaverkefni hluta tímans. Hún ætlar að bíða með að negla eitthvað fast niður og finna sér frekar verkefni þegar út er komið.

Flestir sjálfbóðaliðanna höfðu átt von á að þessi ferð sem þau fóru í myndi svala ævintýraþrá þeirra að öllu leyti, þ.e. að þau fengju þessa útrás sem þau voru að sækjast eftir og þar með væri því lokið. Sú varð ekki raunin, þau töluðu um að nú væri alltaf verið að hugsa um hvað skyldi gera næst, hvert ætti að fara og verið að safna fyrir næstu ferð. Í stað þess að svala ævintýraþránni virðist þetta hafa kynt enn frekar undir henni. Gunna hafði átt von á að eftir þetta ferðalag væri þessum langþráða draumi lokið, hún væri búin með sinn skammt en svo reyndist ekki vera:

*“Þetta breytti alveg öllu. Ég á eftir að eyða öllum mínum fríum og peningum í að ferðast núna ... allar hugmyndir um að verða venjuleg miðaldra kona með fallett sófasett, þeim er skotið á frest út af því hvernig þetta ferðalag heppnaðist.”*

Helga tók í sama streng:

*„Þegar maður stókar eitt út af listanum þá bætast þrjú atriði við, þannig að listinn verður bara endalaus ... þú verður bara alltaf með bakteríuna og ert bara dæmd til að ferðast, dæmd til að vera sýkt af þessari bakteríu – sem er bara gaman.“*

Einnig voru sjálfboðaliðarnir sammála um að þetta væri besta reynsla sem hægt væri að fá. Þetta efldi, styrkti, jók sjálfstæði þeirra, víkkaði sjóndeildarhringinn, ögraði þeim og umfram allt nefndu þau að þetta hefði verið besta ævintýri sem þau hefðu upplifað, að minnsta kosti enn sem komið er þar sem þau stefna öll á frekari ferðalög.



## 5 Túlkun og umræður

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver helsti hvatinn væri hjá Íslendingum sem fara í sjálfbóðaliðaferðir. Mátti greina svipaða hvata hjá viðmælendum og rannsóknir erlendis höfðu sýnt. Viðmælendur nefndu allir ævintýraþrá og það að láta gott af sér leiða. Það rennur stóðum undir niðurstöður rannsóknar Sin (2009) á sjálfbóðaliðum frá Singapore um að helstu hvatarnir séu löngun í ævintýri og að fórnfýsi (e. altruism) sé ekki síður veigamikill hvati. Það að ögra sjálfum sér eða stíga út fyrir sitt þægindasvið var einnig mikilvægur hvati að baki ákvörðunar viðmælenda. Þau töluðu um að ferðin hefði átt að vera prófun á hvort þau gætu búið við slíkar aðstæður, hvernig þau myndu spjara sig á eigin fótum og að þetta hefði verið áskorun eða ögrun að einhverju leyti fyrir þau og er það einnig í samræmi við fyrri rannsóknir Sin (2009).

Rannsóknir Lo og Lee (2011) leiddu í ljós að hvarar sjálfbóðaliðanna frá Hong Kong hefðu einnig verið að láta gott af sér leiða. Það var einkennandi í svörum viðmælenda minna að þeim fannst mikilvægt að láta gott af sér leiða á meðan þau nytu ævintýrisins. Einnig nefndu viðmælendur að það að flýja raunveruleikann hefði verið hluti hvatans, þ.e. að upplifa eitthvað nýtt og það var einnig áberandi í svörum viðmælenda Lo og Lee (2011). Sjálfbóðaliðarnir töldu það skipta máli að þau væru að gera gagn í sínu verkefni, þau væru að ná takmarki sínu, því „að láta gott af sér leiða“. Kristín (AUS) tók einnig í sama streng um mikilvægi þess að sjálfbóðaliðanum þætti hann vera gagnlegur í verkefni sínu, slíkt gæti auðveldlega haft áhrif á upplifun og ánægju ferðarinnar fyrir sjálfbóðaliðann.

Af svörum viðmælenda að dæma má setja þá í allar gerðir formgerðarflokkunar Cohens (1979) nema þann fyrsta. Bjarni (Evrópa), Helga (Mið-Ameríka), Gunna (Suður-Ameríka) og Dagný (Afríka) gætu öll fallið undir aðra gerð þeirrar flokkunar, þ.e. ferðamanninn sem er í leit að tilbreytingu og vill flýja hversdagsleikann. Bjarni hafði nýlokið stúdentsprófi og gat ekki hugsað sér að fara strax í háskóla né heldur út á vinnumarkaðinn. Helga var enn í námi en fann fyrir miklum skólaleiða og fannst því tilvalið að taka sér hlé og fá einhverja tilbreytingu í lífið. Einar (Asía) gæti fallið undir þriðju gerð flokkunarinnar, þ.e. ferðamaður í leit að upplifun sem er meðvitaður um tilgangsleysi lífs síns. Það má segja að Einar hafi verið kjarnalaus, honum fannst

hann ekki vera að gera neitt af viti. Hann hafði hætt í skóla, var farinn að vinna en fann sig ekki í því sem hann var að gera.

Formgerðarflokkun Cohens má þó gagnrýna þar sem margar ástæður geta legið að baki hvernar formgerðar og erfitt er að láta ferðamenn falla nákvæmlega undir ákveðna formgerð. Í rannsókn McGehee og Santos (2005) á bandarískum sjálfboðaliðum kom fram að stuðningur frá vinum og fjölskyldu, þar á meðal fjárhagsstuðningur, væri þeim afar mikilvægur. Á meðal viðmælenda minna reyndist fjárhagsstuðningur litlu sem engu máli skipta, öll borguðu þau ferðina sína að mestu leyti sjálf, ef ekki að öllu leyti. Má þar ef til vill nefna sérstöðu Íslands er kemur að atvinnu ungmenna. Rík hefð er fyrir því að unglingar byrji að vinna mjög snemma, til dæmis við blaðburð eða í unglingsvinnunni á sumrin. Ungmennu á Íslandi eru því alin upp við að vinna sér inn peninga. Þessi vinnuhefð helst áfram og vinna mjög margir menntskælingar hlutastörf samhliða námi sínu. Andlegur stuðningur skipti bandarísku sjálfboðaliðanna einnig meira máli en viðmælendur mína. Viðmælendur mínir nefndu að gott hefði verið að hafa jákvæðan stuðning en alls ekki nauðsynlegt og þau hefðu ekki látið sig neinu máli skipta þótt stuðningurinn hefði verið neikvæður, öll hefðu þau samt farið í ferðina sína. Sjálfboðaliðarnir sem ég ræddi við nefndu að þau hefðu orðið fyrir sterkum áhrifum af sjálfboðaliðaferðinni, þau sjálf og þeirra hegðun, áhugi eða áætlanir fyrir framtíðina hefðu breyst. Þau lærðu að standa á eigin fótum, lærðu nýtt tungumál og lærðu að lifa í allt öðru umhverfi og þar af leiðandi fóru þau að meta betur það sem þau búa við hér. Segja má að allir sjálfboðaliðarnir, sem rætt var við, falli undir flokk ferðamanna sem Plog (1974) kallaði framandi ferðamenn (e. allocentric), þ.e. þeir leiti eftir framandi upplifun og óttist ekki að stíga út fyrir sitt þægindasvið. Lengd dvalarinnar skipti ekki máli þegar kom að upplifun viðmælenda minna og er það í samræmi við rannsóknir McGehee og Santos (2005) þar sem fjallað er um að aðstæður geta verið svo yfirþyrmandi að sama hversu löng dvölin er verður upplifun sjálfboðaliðanna jafn áhrifamikil. Dagný (Afríka) talaði um hversu margt nýtt hún upplifði á hverjum degi og því fannst henni ferðin vera miklu lengri en hún í raun var. Upplifun hennar í sinni tveggja mánaða ferð var því alveg jafn mikil og hjá þeim sem fóru í lengri ferðirnar.

Í rannsókn McGehee og Santos (2005) kom einnig í ljós að sum vináttusambönd bandarísku sjálfboðaliðanna heima fyrir fjöruðu út eftir að þeir komu aftur heim. Lífsreynslan, aukinn þroski og sjálfstæðari hugsun voru þeir þættir sem höfðu áhrif á

þau vináttusambönd. Í svörum viðmælenda minna var þessi þáttur líka áberandi, sérstaklega hjá þeim sem fóru í lengri ferðirnar, þ.e. hjá Bjarna (Evrópa), Einari (Asía) og Helgu (Mið-Ameríka), þau fundu öll fyrir breytingum á vinasamböndum við heimkomu. Þau höfðu öðlast mikinn þroska og upplifað heilmargt en fannst eins og þau væru að koma heim aftur í tímann, þ.e. að þau hefðu ekkert farið í langan tíma. Vinirnir voru enn í sömu sporum og þeir höfðu verið áður en sjálfboðaliðarnir fóru af stað í sína ferð. Bjarna, Einari og Helgu fannst því stundum eins og búið væri að reka fleyg á milli þeirra og vinanna og að skilningur vinanna á þeirra upplifun hefði verið mjög takmarkaður.

McGehee og Santos (2005) nefndu einnig að auknar líkur væru á að sjálfboðaliðinn tæki þátt í frekari sjálfboðastörfum eftir slíka ferð en svo reyndist ekki vera meðal viðmælenda minna. Ekkert þeirra var tengt inn í sjálfboðaliðastörf en þó voru þrjú þeirra tengd inn í starfsemi samtakanna sem þau fóru út með. Þau gefa vinnu sína til samtakanna og sjá um að vera tengiliðir fyrir erlenda sjálfboðaliða á Íslandi og sjá um kynningar á starfsemi samtakanna. Viðmælendur mínir höfðu samt sem áður áhuga á að fara aftur í sjálfboðaliðastörf út í heim. Þeim fannst gott að geta talað um reynslu sína við aðra og einnig fannst þeim gaman að segja þeim frá reynslu sinni sem höfðu áhuga á að hlusta. Öll sögðu þau skemmtilega frá reynslu sinni og höfðu einstakar sögur að segja. Þess vegna er gott að samtök sem sjá um að senda sjálfboðaliða út í heim gefi þeim tækifæri til að deila reynslu sinni með öðrum sem hafa upplifað svipaða reynslu og geta því bæði skilið það sem sjálfboðaliðinn talar um og hafa áhuga á að heyra frásögn hans.

Áhugavert var að heyra hvernig þau töldu þessa reynslu hafa áhrif á ferðalög sín í framtíðinni. Þau sögðust vera óhrædd við að fara á framandi slóðir og þau vildu núna síður fara á þessa hefðbundnu ferðamannastaði. Ekkert þeirra náði að svara ævintýraþorsta sínum með sjálfboðaliðaferðinni heldur eflast áhuginn á slíkum ferðum og ferðalögum almennt til muna. Þau sögðust sífellt vera að hugsa um hvert skyldi fara næst og ávallt vera að skipuleggja ferðir í huganum. Þau töluðu um að þetta hefði bara verið byrjunin á því sem koma skal og nú væri ekki mögulegt að segja staðar numið. Eins og Helga orðaði það:

*„Þetta er svona eins og Pringles - einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt. Þetta er bara þannig.“*

# Heimildaskrá

- AUS (2011). *AUS - Alþjóðleg ungmennaskipti : verkefni*. Skoðað 2. apríl 2011 á <http://aus.is/Verkefni>
- Broad, S. (2003). Living the Thai life - A case study of volunteer tourism at the Gibbon Rehabilitation Project, Thailand. *Tourism Recreation Research*, 28(3), 63-72.
- Brown, S., & Letho, X. (2005). Travelling with a purpose: Understanding the motives and benefits of volunteer vacationers. *Current Issues in Tourism*, 8(6), 479-496.
- Chen, L.-J., & Chen, J. S. (2011). The motivations and expectations of international volunteer tourists: A case study of “Chinese Village Traditions”. *Tourism Management*, 32(2011), 435-442.
- Cohen, E. (1979). A Phenomenology of Tourist Experiences. *Sociology*, 13(2), 179-201.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Bostin: McGraw-Hill.
- Kwa, T. (2007, 28. júlí). Voluntourism: more tourist than volunteer? *The Straits Times*.
- Lo, A. S., & Lee, C. Y. (2011). Motivations and perceived value of volunteer tourists from Hong Kong. *Tourism Management*, 32(2011), 326-334.
- Lyons, K. (2003). Ambiguities in volunteer tourism: A case study of Australians participating in a J-1 visitor exchange programme. *Tourism Recreation Research*, 28(3), 5-13.
- Madon, S. (1999). International NGOs: networking, information flows and learning. *Journal of Strategic Information Systems*, 8(1999), 251-261.
- McGehee, N. G., & Santos, C. A. (2005). Social Change, Discourse and Volunteer Tourism. *Annals of Tourism Research*, 32(3), 760-779.
- McMillon, B., Cutchins, D., & Geissinger, A. (2006). *Volunteer vacations: Short-term adventures that will benefit you and others*. Chicago: Chicago Review Press Inc.
- Mustonen, P. (2006). Volunteer tourism: Postmodern pilgrimage? *Journal of Tourism and Cultural Change*, 3(3).
- Mustonen, P. (2007). Volunteer tourism - altruism or mere tourism? *Anatolia: An International Journal of Tourism and Hospitality Research*, 18(1), 97-115.
- Novelli, M. (2005). *Niche tourism: Contemporary issues, trends and cases*. (3. útg.). Oxford: Elsevier Butterworth-Heinemann.
- Plog, S. (1974). Why Destination Areas Rise and Fall in Popularity. *Cornell Hospitality Quarterly*, 14(4), 55-58.

- Scheyvens, R. (2002). *Tourism for development: Empowering communities*. Essex: Pearson Education Limited.
- Simpson, K. (2004). 'Doing development': The gap year, volunteer-tourists and a popular practice of development. *Journal of International Development*, 16, 681-692.
- Sin, H. L. (2009). Volunteer Tourism —“Involve me and I will learn”?. *Annals of Tourism Research*, 36(3), 480-501.
- Taylor, S. J., & Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. (3. útg.). The United States of America: John Wiley & Sons, Inc.
- Uriely, N. (2009). Deconstructing tourist typologies: the case of backpacking. *International Journal of Culture, Tourism and Hospitality Research*, 3(4), 306-312.
- Wearing, S. (2001). *Volunteer tourism: Experiences that make a difference*. New York: CABI Publishing.
- Zahra, A., & McIntosh, A. J. (2007). Volunteer tourism: Evidence of cathartic tourist experiences. *Tourism Recreation Research*, 32(1), 115-119.

# Viðaukar

Hér má finna spurningarammana sem höfundur nýtti sér við viðtölin. Spurningarnar voru um sama efni en örlítið frábrugðnir eftir því hvort var talað við sjálfboðaliða eða samtök sem sjá um að senda sjálfboðaliða út.

## Einstaklingar (sjálfboðaliðar)

Almennt :

(Aldur og kyn)

Hafðir þú ferðast mikið áður en þú fórst út sem sjálfboðaliði? Hvert? (Til margra landa/heimsálfa)

Hafðir þú unnið sem sjálfboðaliði áður?

Hvert fyrstu í sjálfboðavinnu? Hver var vinnan? Hve lengi varstu?

Undirbúningur og ákvörðun :

Hvernig fannstu staðinn/ferðina/starfið? (netinu, vini, var farið í gegnum einhver samtök)

Undirbjóstu þig eitthvað fyrir ferðina? Hvernig?

Fékkstu einhvern stuðning fyrir ferðina? Frá hverjum? Hvers eðlis var stuðningurinn? (Studdi fjölskyldan: andlega, fjárhagslega / stuðningur frá vinum)

Hversu mikilvægt fannst þér að hafa stuðning vina/fjölskyldu?

Hvati, marmkið, væntingar (ferðin sjálf) :

Hverju varstu að leita eftir að fá út úr ferðinni? (persónulegur þroski, reynsla, flýja hversdagsleikann, víkka tengslanet og þess háttar) / Hver var helsti hvatinn að baki þess að þú ákvaðst að fara út sem sjálfboðaliði? Til þessa lands? Í þetta starf?

Stóðst ferðin væntingar /var ferðin eins og þú bjóst við? (menningarsjokki, erfitt, gefandi)

Áhrif sjálfbóðaliðsferðar á síðari ferðalög : (eftir ferðina)

Hefur þú ferðast eitthvað síðan þú komst heim? Ef já, hefur sjálfbóðaliðaferðin haft einhver áhrif á val þitt á áfangastöðum? (hagar þú þér öðruvísi á þeim ferðalögum, þ.e. ertu að leita eftir öðruvísi upplifun)

Hefur ferðin haft einhver áhrif á framtíðarferðaráætlanir (hvert þig langar til að ferðast og hvernig)? Ef já, hvernig ?

Hefur þú unnið sem sjálfbóðaliði eftir ferðina, þ.e. fyrir einhver samtök hér á landi? – eða erlendis?

Breytti ferðin einhverju fyrir þig ? (Finnst þér þú hafa lært eitthvað af þessu)  
Hvernig hafði hún (sjálfbóðaliðaferðin) áhrif, ef einhver, á þitt daglega líf? (skoðanir, innkaup, eyðslu og þess háttar) eða vináttusambönd? (fannst þér þú eiga minna sameiginlegt með einhverjum sem var áður góður vinur) En á náms - /starfsval? (þ.e. breyttust áætlanirnar eitthvað eftir að heim var komið)

## Samtök

Sjálfbóðaliðarnir :

Hvað ferðast margir á ykkar vegum ár hvert í sjálfbóðastörf?

Á hvaða aldri eru flestir sjálfbóðaliðarnir?

Eru einhver lönd/störf sem heilla mest?

Hvernig er ferlið frá því að umsækjandi sækir um þar til hann fer?

Hvernig komið þið (sem samtök) að undirbúningi ferðarinnar? (annað en sjálft flugið, leyfin og þess háttar) Eru sjálfbóðaliðarnir undirbúnir á einhvern sérstakan hátt?

Hverju finnst þér sjálfbóðaliðarnir helst vera að sækjast eftir í slíkum ferðum (persónulegur þroski, reynsla, flýja hversdagsleikann)?

Á meðan og eftir ferð :

Eru samskipti á milli samtakanna á Íslandi og sjálfbóðaliðans á meðan á verkefninu stendur?

Hvernig lýkur samstarfinu? Stuðla samtökin að einhverjum fundum/ „hittingum” sjálfbóðaliðanna eftir ferðina til að spjalla um reynslu sína?

Hefur starfsfólk samtakanna sjálft reynslu af sjálfbóðaliðastörfum erlendis?